



**Strandsvæðisskipulag
Austfjarða og Vestfjarða**

Skipulagsgátt

Birta í skipulagi

**Skipulagsglugginn
í Skógarböðunum**

Tímamót

Við fögnum þessa dagana þeim ánægjulega áfanga að fyrstu tillögur að strandsvæðisskipulagi hafa litið dagsins ljós. Með tillögum að strandsvæðisskipulagi Austfjarða og Vestfjarða er í fyrsta sinn sett fram heildstæð stefna og reglur um þróun og nýtingu svæða á fjörðum og flóum, sem leggja skal til grundvallar starfsemi og leyfisveitingum. Greining á staðargæðum og starfsemi í skipulagsvinnunni undanfarin misseri, sem og sá áhugi sem heimamenn og hagsmunaaðilar hafa sýnt skipulagsgerðinni undirstrika að þörf er á formlegri skipulagsgerð á fjörðum og flóum ekki síður en uppi á landi.

Fleiri stórir áfangar í skipulagsmálum eru í deiglu. Nú er unnið hörðum höndum að hönnun og smíði Skipulagsgáttarinnar, sem verða mun rafrænn vettvangur kynningar og samráðs um skipulagstillögur, umhverfismat framkvæmda og framkvæmdaleyfi. Skipulagsgáttin, sem taka á til starfa í árslok, mun fela í sér byltingu í aðgengi að skipulagsmálum fyrir bæði almenning og umsagnaraðila.

Í Skipulagsglugganum, föstum lið hér í Torginu, gægjumst við að vanda inn í áhugaverð nýleg skipulagsverkefni. Að þessu sinni urðu Skógarböðin í Eyjafirði fyrir valinu. Þar er af hugvitsemi búið að koma upp nýjum áfangastað ferðamanna í alfaraleið, þar sem vandað er til alls skipulags og hönnunar og byggt á vannýttum auðlindastraumi, heita vatninu úr Vaðlaheiðargöngunum.

Ég vil að endingu nota þetta tækifæri til að þakka lesendum samstarfið, en ég mun hverfa til annarra starfa í sumarlok, eftir níu skemmtileg og annasöm ár á Skipulagsstofnun við framþróun skipulagsgerðar og umhverfismats.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
forstjóri Skipulagsstofnunar

Undirbúningur Skipulagsgáttar í fullum gangi

Síðastliðið ár voru gerðar breytingar á skipulagslögum og sett ákvæði í ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana um Skipulagsgátt, landfræðilega gagna- og samráðsgátt um skipulag, umhverfismat og framkvæmdir. Skipulagsstofnun hefur það hlutverk að setja upp og annast rekstur gáttarinnar sem skal vera starfrækt frá árslokum 2022.

Markmið og ávinningur með Skipulagsgátt

Með Skipulagsgáttinni verður lögbundið kynningar- og samráðsferli vegna skipulagsmála og umhverfismats á einum stað fyrir allt landið og gögn birt þar jafnóðum og þau lita dagsins ljós. Markmiðið með gáttinni er að auðvelda þátttöku almennings og hagsmunaaðila í skipulagsmálum og umhverfismati, gera ferli skipulagsmála og umhverfismats aðgengilegra og skiljanlegra fyrir alla, stytta boðleiðir, auka yfirsýn og gagnsæi og koma í veg fyrir tvíverknað.

Hvaða mál verða kynnt í Skipulagsgátt?

Samkvæmt skipulagslögum og lögum umhverfismat framkvæmda og áætlana skal nota gáttina við kynningu skipulagstillagna og umhverfismats og útgáfu framkvæmdaleyfa. Samráð við skipulagsgerð og umhverfismat gerist í skrefum samkvæmt lögbundnu ferli. Dæmi um slík skref við skipulagsgerð eru kynning skipulagslýsingar, vinnslutillögu að skipulagi, formlegrar skipulagstillögu og loks samþykktar endanlegs skipulags. Þessi skref eru sambærileg við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags.

Auk þess að kynningargögn verða birt í gáttinni munu umsagnaraðilar og almenningur skila umsögnum og athugasemdum í Skipulagsgáttina. Þar verða einnig aðgengileg viðbrögð við athugasemdum og upplýsingar um endanlega afgreiðslu viðkomandi skipulags eða umhverfismats.



Hægt er að skoða öll mál og staðsetningar þeirra með

Fyrstu drög að útliti Skipulagsgáttar.

Landfræðileg staðsetning er lykilatriði

Skipulagsgátt verður sambærileg Samráðsgátt stjórnvalda sem starfrækt hefur verið í nokkur ár, en sá meginmunur verður þó á að öll mál sem birt verða í Skipulagsgátt verður hægt að nálgast í gegnum kortavefsjá, enda skipulagsmál og umhverfismat ávallt tengd tiltekinni landfræðilegri staðsetningu. Mikilvæg virkni gáttarinnar verður því sú að auk þess að finna megi mál eða vakta eftir heiti, gerð eða efnisatriðum verður jafnframt hægt að leita eftir staðsetningu eða vakta ákveðinn stað eða svæði. Með þessu móti verður notendum gert hægara um vik að fylgjast með því sem er á döfinni í þeirra næsta umhverfi og fá tilkynningar um ný mál út frá staðsetningu.

Undirbúningur Skipulagsgáttar er á áætlun

Í upphafi verkefnisins voru haldnar hugmyndavinnustofur sem lögðu grunninn að áherslum í virkni og útliti gáttarinnar auk þess sem gerðar voru notendaprófanir á síðari stigum forhönnunarferlisins.

Fyrsta áfanga við hönnun Skipulagsgáttarinnar lauk nú á vordögum. Framundan er vinna við endanlega hönnun og uppsetningu sem áfram verður unnin í góðu samstarfi við meginnotendur og hagsmunaaðila, en stefnt er að því að Skipulagsgáttin verði tilbúin til prófana í nóvember 2022.

Fyrstu tillögur að skipulagi fjarða og flóa í skipulagssögunni

Á síðustu árum hefur farið fram umfangsmikil vinna við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Vestfirði og Austfirði. Þessi vinna hefur falið í sér nýmæli í skipulagsgerð hérlendis, þar sem skipulag hefur hingað til ein-skorðast við land, en hefur nú færst út á firði og flóa. Í byrjun sumars 2022 voru kynntar tillögur að strandsvæðis-skipulagi Austfjarða og Vestfjarða sem eru til kynningar og umsagnar fram í september.

Aðdragandi skipulagsgerðar

Í landsskipulagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi 2016 var settur fram fyrsti vísir að skipulagsstefnu um hafsvæðin við Ísland og árið 2018 voru síðan sett lög um skipulag haf- og strandsvæða. Á grundvelli þeirra laga hefur verið unnið að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og Austfjarða.

Innviðaráðherra skipar svæðisráð sem bera ábyrgð á gerð strandsvæðis-skipulags. Þar sitja fulltrúar ríkis og sveitarfélaga, enda áhersla á að strandsvæðisskipulag sé unnið í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Skipulagsstofnun aðstoðar svæðisráðin við mótun skipulagsins, kynningu tillagna og framfylgd, eftir að strandsvæðis-skipulag tekur gildi.

Í skipulagsvinnunni hefur verið lögð áhersla á að hlusta vel eftir röddum almennings og hagsmunaaðila. Samráðsferlið hefur meðal annars falið í könnun og umsögnum í gegnum samráðsvefsjá og samráðsfundum á vinnslustigi skipulagstillagnanna.

Strandsvæði Vestfjarða og Austfjarða

Við mótun skipulagstillagnanna hefur verið aflað yfirgrípsmikilla upplýsinga um náttúrufar, vistkerfi, veiðar, siglingar og önnur þau not sem nú fara fram í viðkomandi fjörðum og flóum. Mikil vinna hefur farið í að ná saman heildstæðum greiningum byggt á fyrirliggjandi gögnum en



Frá kynningarfundum í Bolungarvík.

einnig var leitað í brunn staðkunnugra í gegnum samráðsferli.

Á Vestfjörðum og Austfjörðum er öflugur sjávarútvegur sem sækir í gjöful fiskimið svæðanna og vaxandi sjókvíaelði. Einnig búa bæði svæðin yfir náttúruríkum óbyggðasvæðum sem hafa mikið aðdráttarafl og styðja við ferðaþjónustu og siglingar skemmtiferðaskipa. Jafnframt hefur hvort svæði sín sérkenni og sérstöku úrlausnarefni. Á Vestfjörðum er sem dæmi efnistaka kalkþörungasets. Á Austfjörðum eru viðkomustaðir í neti evrópskra siglingaleiða og kröfur um öruggar siglingar ríkari en almennt gerist.

Heildarsýn og nýmæli

Skipulagstillögurnar fjalla í stórum dráttum um að halda jafnvægi milli nýtingar og verndar. Við mótun þeirra hefur verið horft til fyrirliggjandi ákvarðana um leyfisskylda starfsemi og má segja að verið sé að setja skipulagsumgjörð þar um. Það er liður í að tryggja heildarsýn og sjálfbæra nýtingu, sem og að koma framvegis í veg fyrir að leyfisveitingar skarist, til að mynda að veitt sé leyfi fyrir fiskeldi eða efnisvinnslu á helgunarsvæðum fjarskiptastrengja.

Í skipulagstillögnum er að finna mikilvæg nýmæli, svo sem skilgreind viðmið fyrir öruggar siglingaleiðir sem mótuð voru í góðri samvinnu við Vegagerðina, Landhelgisgæsluna, Samgöngustofu, hafnarstjórnir og skipstjórnarmenn.

Önnur nýmæli sem vert er að minnst á er varðveisla stórra náttúrusvæða. Jökulfirðir og Loðmundarfjörður ásamt Víkum eru dæmi um svæði sem lagt er til að varðveita sem kyrrlát óbyggðasvæði.

Leiðarljós beggja skipulagstillagnanna er sjálfbær þróun, viðnámsþróttur gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, lífsgæði og samkeppnishæfni. Í skipulagstillögnum er lögð áhersla á umhverfisvöktun, þannig að til framtíðar liggi ávallt fyrir bestu upplýsingar um stöðu vistkerfa og gæði sjávar á svæðunum, til að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra.

Kynning skipulagstillagna

Í júní 2022 voru skipulagstillögurnar kynntar á kynningarfundum á Bildudal, í Bolungarvík og á Hólmavík á Vestfjörðum og á Fáskrúðsfirði og Seyðisfirði á Austfjörðum. Fundirnir voru vel sóttir og á tíðum skörp skoðanaskipti um tillögurnar og framtíðarnýtingu svæðanna. Einkum hefur umræðan þar beinst að sjókvíaelði sem þykir ýmist of fyrirferðarmikið eða fáir ekki nægt athafnarými. Þetta á við bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.


Skipulagstillögurnar og rafræna kynningu þeirra má nálgast á hafskipulag.is. Einnig verður kynningarfundur í húsakynnum Skipulagsstofnunar 9. ágúst 2022 en frestur til að skila inn athugasemdum um skipulagstillögurnar er til 15. september 2022.

Birta í skipulagi

Reykjavíkurborg vinnur nú að leiðbeiningum um birtuskilyrði til að bæta samræmi milli rýmis og birtu á uppbyggingarsvæðum borgarinnar. Skilgreind eru viðmið og leiðir til útfærslu dvalarsvæða sem eiga þátt í að móta umgjörð daglegs lífs með nákvæmari hætti en áður. Tilgangurinn er að auðvelda uppbyggingaraðilum að gæta að gæðum bæði íbúða sem og rýmisins milli húsanna. Það rímar vel við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur um að stuðla að vellíðan íbúa, efla virkni og félagslegt samneyti íbúa og virkja og styrkja grænar tengingar borgarinnar.

Ásta Logadóttir, verkfræðingur, og Anna María Bogadóttir, arkitekt,

hafa unnið að leiðbeiningunum. Leiðarljósið er að draga fram skýra mynd af kröfum um skuggavarp og lágmark birtu á dvalarsvæðum. Þannig á hinn almenni borgari að hafa betri tilfinningu fyrir því hvernig rýmið milli húsa verður og hönnuðir hvar er heppilegast að hafa leiksvæði fyrir börn og svalir á byggingum, svo eitthvað sé nefnt. Borghildur Sturludóttir, deildarstjóri deiliskipulags hjá Reykjavíkurborg, hefur haft umsjón með verkefninu. „Við þurfum að finna jafnvægið eða gæðin saman, sem ríki og borg og sem borgarar og uppbyggingaraðilar. Jafnvægi í birtu og rými á milli húsa svo eitthvað sé nefnt. Því við erum að byggja til 100 ára, mögu-



Dæmi um birtugreiningu á uppbyggingarsvæði í Efstaleiti.

lega lengur og því þurfum við að vanda til verka. Annað væri óábyrgt gagnvart umhverfinu, borginni okkar og komandi kynslóðum.“

Skipulagsglugginn

Áhugaverð skipulagsverkefni

Í samhljómi við umhverfi og náttúru

Skógarböðin í Eyjafirði opnuðu í byrjun sumars 2022. Viðtökur hafa verið góðar, stöðugur straumur gesta og bókanir fram á næsta vetur. Basalt arkitektar leiddu hönnun staðarins í samstarfi við Eflu og Landslag, en hugmyndina að Skógarböðunum má rekja til framkvæmda við Vaðlaheiðargöng. Þegar sprengt var fyrir göngunum tók að flæða heitt vatn úr jarðlögum niður í Eyjafjörð. Þessu vatni hefur verið fundin nýting og nýr farvegur í Skógarböðunum.

„Hugmyndin um böðin varð til hjá eigendunum, Finni Aðalbjörnssyni og Sigríði Maríu Hammer, sem vildu nýta affallsvatnið frá Vaðlaheiðargöngum til að búa til baðstað. Þau fengu okkur í hugmyndavinnu og við hönnuðum stað, þar sem samhljómur við umhverfið og náttúruna er í fyrir-rúmi,“ segir Hrólfur Cela, arkitekt hjá Basalt. „Í grunninn eru þetta þrjú bættir. Byggingin sjálf er tvískipt. Hún



Skógarböðin glæsileg í ljósaskiptunum. Mynd: Axel Þórhallsson.

er annars vegar byggð úr timbri sem fellur vel að skóginum sem umlykur svæðið. Við móttökuna er inngarður með vatni og tré sem kjarnar ef til vill hugmyndina. Hins vegar er byggingin úr forsteyptum einingum og náttúrulegum klettaveggjum hlíðarinnar sem beina gestum í búningaklefa – og

loks er það laugin sjálf þar sem gestir bæði baða sig í heitu vatninu en um leið í skóginum í kring (e. forest bathing). Vatnið rennur stöðugt yfir kant laugarinnar og er þannig í sambandi við sjóinn í Eyjafirðinum en útsýnið út fjörðinn og yfir til Akureyrarbæjar er einstakt.“